

# Ársskýrsla Aleflis 2016

**Aðalfundur haldinn 25. -Maí 2016 á Landsbókasafni Íslands.**

## **Stjórn 2015-16**

Ásdís Hafstað, formaður (2016)

Hólmfríður Gunnlaugsdóttir, ritari (2017)

Unnur Valgeirsdóttir, gjaldkeri (2016)

Viggó K. Gíslason, meðstjórnandi (2017)

Sólveig Arngrímsdóttir gekk úr stjórninni og kom Hólmfríður Gunnlaugsdóttir, Borgarbókasafni inn í hennar stað.

Haldnir voru 4 stjórnarfundir á starfsárinu og skiptust stjórnarmenn á að halda fundina á sínum vinnustöðum. Einnig áttum við í fjölmörgum samskiptum símleiðis og með tölvupósti milli funda.

Helstu verkefni stjórnar eru samskipti við starfsmenn og stjórn Landskerfis og samráð. Velja þrjá fulltrúa í skráningarráð. Einnig að koma upplýsingum og fræðslu til félagsmanna.

Fulltrúar skráningarráðs skipaðir af Alefli eru þeir sömu og í fyrra: Þóra Sigurbjörnsdóttir Borgarbókasafni, Áslaug Þorfinnsdóttir Bókasafni Hafnarfjarðar og Rósa S. Jónsdóttir Bókasafni Orkustofnunar sem er formaður ráðsins.

Síðasta ár hefur verið viðburðarríkt hjá okkur notendum Gegnis. Nýjar skráningarreglur voru teknar í notkun í febrúar og nær allir skrásetjarar hafa nú farið á námskeið og endurnýjað skráningarheimildir sínar. Mikil vinna hefur verið hjá starfsmönnum Landskerfis og þeim starfsmönnum Landsbókasafns sem komu að þessu stóra verkefni við námskeiðshald og þýðingar á handbók og kennslufni. Innleiðingin hefur tekist vel.

Vefur Aleflis er kominn í öruggt skjól. Hann er héðan í frá hýstur á vef Landsbókasafns og munu fulltrúar Aleflis í fulltrúaráðinu sjá um að koma öllum gögnum sem viðkoma starfsemi félagsins á vefinn. Enda er hann aðallega hugsaður sem skjala- og gagnasafn en ekki upplýsingavefur. Hægt er að beina erindum til stjórnar á pósthfangið [alefli@alefli.is](mailto:alefli@alefli.is) og fá þá allir stjórnarmenn það skeyti.

## **Haldinn var samráðsfundur með starfsmönnum Landskerfis 24. september 2015.**

Farið var yfir þau verkefni sem starfsmenn Landskerfis eru helst að vinna að þetta starfsárið.

Lokun vefsins gegnir.is og leitum beint inn á leitir.is Mikil vinna var lögð í að koma öllum aðgerðum og þjónustu sem möguleg voru á Gegni yfir á vef leitir.is svo sem beiðnum um millisafnalán, skoðun markfærslu og leita eftir Dewey tölu. Einnig var unnið að því að setja upp nýjan leitarhnapp á leitir.is sem gerir mögulegt að leita eingöngu í Gegnis gögnunum.

Fundarmenn skoðuðu nokkrar tillögur að staðsetningu hnappsins því stefnt var að því að þessi aðgerð yrði virk áður en vefsíðunni [www.gegnir.is](http://www.gegnir.is) yrði lokað. Voru allir á einu máli um að þetta yrði góð viðbót fyrir bókasafnsnotendur og auðveldaði aðgengi að gögnum bókasafnanna.

Póra Gylfadóttir kynnti stöðuna á nýjum vef Landskerfis. Stefnt var þá að því að vefurinn yrði opnaður um áramótin.

Helstu nýjungar á vefnum eru; verkbeiðnakerfi þar sem notandi getur skráð sig á námskeið, sent inn fyrirspurnir eða beiðnir um aðstoð. Hægt er að fylgjast með á síðunni ferli fyrirspurnar eða á hvaða námskeið maður hefur skráð sig á. Vefurinn er skrifaður í Dupal sem er frír hugbúnaður.

Sveinbjörg sagði okkur frá vinnu sem er í gangi varðandi útlán á rafbókum. Ágætt samstarf hefur verið við íslenska útgefendur varðandi mál/stöðu réttahafta vegna útlána. Þau hafa helst verið að skoða fyrirkomulag og útlánakerfi í nágrannalöndunum (Skandinavíu). Á þeim tíma var verið að skoða norskt módel, BS veblán, þar eru keypt leyfi fyrir x fjölda eintaka en rafbækurnar ekki keyptar. Farið verður í tilraunaverkefni með þeim þar sem nokkur íslensk söfn taka þátt og verður Borgarbókasafn örugglega eitt af þeim.

#### **Samráðsfundur með stjórn Landskerfis og framkvæmdastjóra var haldinn 24. apríl 2016.**

Það helsta sem þar kom fram var að nýtt bókasafnskerfi er enn utan seilingar. Vinna við þarfagreiningu er ekki hafin og ekki er ljóst hvaða stefna verður tekin í vali á nýju kerfi.

Enn er verið að leita að nýju kerfi sem tæki við af Aleph sem gæti hentað okkar ólíku safnategundum. Alma, bókasafnskerfið kemur enn vel til greina. Það notar skýjalausnir við hýsingu gagna en skýjalausnir eru framtíðin. Gögnin í kerfinu eru hýst í gagnaveri í Hollandi, það er spurning um hvort vinnsluhraði sé nægilega mikill fyrir okkur hér handan hafsins/á Íslandi. Verið er að kanna það því það er forsenda þess að hægt sé að skoða Ölmur eða önnur kerfi sem nota skýjalausir af fullri alvöru byggist á því að gagnahraðinn sé ásættanlegur.

Aleph gamli er ágætlega nothæfur og vel viðhaldið en það verður ekki lögð nein vinna í nýjar uppfærslur eða útgáfur. Hann er að úreldast smátt og smátt og kemur það m.a. fram í tengingum við önnur kerfi svo sem sjálfsafgreiðsluvélar.

Samningar við íslenska bókaútgefendur um útlán á rafbókum ganga hægt en þokast samt áfram. Borgarbókasafn leiðir þá vinnu. Stefnt er að því að byrja með tilraun í nokkrum söfnum í upphafi. Verið er að leita að góðu útlánakerfi og er nú verið að skoða þýskt kerfi ekz. Það er spurning um þróunarmöguleika sem henta aðstæðum hér á landi með svona ólík söfn og mismunandi þarfir notenda

#### **Dagskrá notendaráðstefnunnar hefur verið aðal verkefni stjórnar á vorönn.**

Allvel gekk að fá fyrirlesara til að halda erindi og eru efnistösk þeirra fjölbreytt en tengjast starfi okkar sem notendur bókasafnskerfisins Gagnis á ýmsa vegu.

Fyrst á dagskrá var kynning Þóru Gylfadóttur á nýjum vef Landskerfis bókasafna þar sem tekin er í notkun verkbeiðna og þjónustuvefur.

Næst kom Kristín Björgvinsdóttir í Fjölbrautaskólanum í Ármúla og sagði okkur frá hvernig þau tókust á við að yfirfæra gögn bókasafns FÁ úr Metrabók yfir í Gegni og hvernig þessi ólíku bókasafnskerfi hafa reynst.

Margét Björnsdóttir á Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur fjallaði um stöðuna í Skólasafnamiðstöðinni og hvernig hún sér fyrir sé eftir að nær öllum starfsmönnum hennar nema henni hefur verið sagt upp og hvernig hún sér fyrir sér hvernig starfsemin þar þróast.

Að lokum sagði Ingibjörg St. Sverrisdóttir frá fyrirhuguðu Varðveislusafni og rannsóknagagnagrunni sem halda mun utan um rannsóknir og vísindagreinar Íslendinga sem birtast í opnum aðgangi.

Ráðstefnan var vel sótt rúmlega 50 manns mættu. Að venju var dagskráin tekin upp en af óskýranlegum orsökum misfórst síðari hluti upptökunnar og verða einungis tvö fyrstu erindin birt á vef Aleflis. Glærur Margrétar og Ingibjargar verða settar á vefinn í stað upptökunnar að þessu sinni.

Reykjavík 25. maí 2016